

Niðurstöður foreldrakönnunar Barnabóls

Veturinn 2020-2021

Hjallastefnan framkvæmir reglubundið viðhorfskannanir meðal foreldra barna sem sækja skóla stefnunnar enda eru upplýsingar um viðhorf og upplifun foreldra á skólastarfinu afar mikilvægt leiðarljós í gæðastarfi Hjallastefnunnar.

Á skólaárinu 2020-2021 var könnun framkvæmd um mánaðamótin október-nóvember og gáfu 31 foreldri barna á Barnabóli sér tíma til þess að svara könnuninni og kunnum við þeim bestu þakkir.

Helstu niðurstöður könnunnarinnar voru eftirfarandi:

- 97% foreldra telja að barninu líði vel í lok skóladagsins.
- 78% foreldra telja að vel sé tekið á móti barninu í upphafi dags.
- 87% foreldra eru ánægð með samskipti starfsfólks og barnanna í skólanum.
- 78% foreldra telja sig geta mælt með skólanum við fjölskyldu og vini.
- 82% foreldra telja sig fá góða úrlausn mála hjá stjórnendum skólans.
- Flestir foreldrar gáfu skólanum gæðaeinkunnina 8,0 af 10 mögulegum.

Vegna tilraunaverkefnis Hjallastefnunnar um styttingu vinnutíma starfsmanna voru nokkrar spurningar tengdar styttingu vinnutíma. 42% foreldra þekkjast til verkefnisins og um 56% töldu að það hefði haft jákvæð áhrif á gæði skólastarfsins.

Foreldrar voru að lokum beðnir um að nefna þau atriði sem þeir töldu að betur mætti fara í skólastarfinu. Þau atriði sem helst voru nefnd voru meiri upplýsingar inn á karellen appið og betri skilgreiningu á því hvað það er að borða vel eða illa.

Einnig gefst tækifæri fyrir foreldra að nefna það sem jákvætt er í skólastarfinu. Flestir nefndu gott starfsfólk sem sýnir börnunum mikla umhyggju og hlýju sem er sérstaklega ánægjulegt að heyra og mikilvægur þáttur í að þróa starfið áfram til enn betri vegar. Þar var einnig nefnt að við værum alltaf með lausnir á öllum vandamálum og það gladdi okkur mjög að heyra. Að lokum var ánægja með mikla útiveru.